

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/1598*  
*komudagur 21.3.2012*



Frakkastígur 27, Húsnæði Tækniskólans, 101 Rvk

Reykjavík, 21. mars 2012

**Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 96. mál, lagafrumvarp á 140. löggjafarþingi.**

Um breytingu á lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Hagsmunasamtök heimilanna (HH) telja þær hugmyndir sem fram koma í frumvarpi þessu, um 2% hámark vaxta á verðtryggðu lánsfé, góðra gjalda verðar og taka undir þörfina fyrir að lækka vexti almennt á fasteignalánnum. Vilja samtökin þó benda á að í þeim hugmyndum sem lagðar eru fram af hálfu stjórnvalda þar sem markmiðið er að bæta lánakjör almennt þurfi að beina sjónum að verðtryggingu neytendalána en ekki einvörðungu vöxtunum.

Samtökin hafa alltaf lagt höfuðáherslu á tvennt varðandi verðtryggð neytendalán. Annars vegar leiðréttingu á höfuðstól vegna þess forsendubrests sem varð við bankahrunið og verðbólguþörf sem fylgdi í kjölfarið, langt umfram umsamið verðbólguþörf Seðlabanka Íslands og stjórnvalda. Auðveldlega má færa rök fyrir því að bankarnir hafi sjálfir með beinum hætti verið orsakavaldur að gengishruni og þar með verðbólguþörf. Hins vegar hafa samtökin lagt áherslu á mikilvægi þess að verðtrygging neytendalána verði framvegis afnumin og bönnuð á skýran hátt í samningum gagnvart almennum borgurum, neytendum sem ekki eru fagfjárfestar.

Hagsmunasamtök heimilanna telja samningsskilmála um ótakmarkaða vísitölutengingu neytendalána kunna að brjóta í bága við ákvæði íslenskra laga um neytendalán, og evrópskar tilskipanir á borð við 87/102/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi neytendalán og tilskipun 93/13/EBE um ósamngjarna skilmála í neytendasamningum. Þannig brjóti almenn framkvæmd verðtryggðra lánveitinga í bága við góða viðskiptahætti og upplýsta samningagerð, þar sem lántaki á að geta áttað sig fyrirfram á og reiknað út skuldbindingu sína og hámark hennar. Að auki má benda á svokallaðar MiFID reglur samkvæmt tilskipun 2004/39/EB um markaði með fjármálagerninga sem innleidd hefur verið í íslensk lög um verðbréfiðskipti og kveður á um að afleiðusamningar á borð við vísitölutengd skuldabréf skuli eingöngu standa til boða í viðskiptum við vottaða fagfjárfesta, en ekki við almenna neytendur.

Á þessum forsendum byggir krafa samtakanna um megináherslu á að stemma stigu við verðtryggingunni sjálfri og tafarlaust afnám hennar á neytendamarkaði. Í öðrum löndum heims er fé í raun "verðtryggt" með því að lán eru að miklu leyti bundin lágum breytilegum vöxtum sem fylgja þá í takt við stýrivexti Seðlabanka og þar með er hið efnahagslega stýritæki virkt, en jafnframt hafa neytendur vernd og þak á vexti. Með því formi hafa í raun allir aðilar sem áhrif geta haft á verðbólgu í landinu beinlínis hag af því að halda verðbólgunni í sem lægstu gildi og sá ávinningur sem af því hlýst er sameiginlegur.

Hagsmunasamtök heimilanna vilja ganga mun lengra en frumvarp þetta gerir ráð fyrir. Samtökin fallast á þá tillögu sem í frumvarpinu felst, að hámarks þak á (breytilega) vexti á fasteignalánnum verði 2%, mögulega mætti þá líka setja annað og ívið hærra viðmið fyrir fasta vexti og afnema alla gjaldtöku til að auðvelda fólki að skipta á milli lánaforma. Fyrst og fremst þó að vísitölubinding lána verði afnumin tafarlaust. Ekkert er því til fyrirstöðu að hrinda þessu í framkvæmd í einni aðgerð.

F.h. Hagsmunasamtaka Heimilanna

Andrea J. Ólafsdóttir

Guðmundur Ásgeirsson